

# Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

## Minnisblað

Viðtakandi: Fjárlaganefnd Alþingis  
Sendandi: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra  
Dagsetning: 11.12.2020  
Málsnúmer: ANR20060075  
Bréfalykill: 11.02.01

Efni: Fjármögnun loðnumælinga

Það skiptir miklu fyrir viðspyrnu efnahagslífsins að loðna veiðist í vetur en áætlað hefur verið að útflutningsverðmæti um 170 þúsund tonna af loðnu nemi um 25 milljörðum króna. Veiðar verða þó ekki stundaðar án undangenginna mælinga á stofninum og mikilvægt að fyrirhuguð loðnuleit verði eins umfangsmikil og þörf er á, í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem í húfi eru.

Ríkiskaup, fyrir hönd Hafrannsóknastofnunar, auglýstu hinn 3. nóvember eftir tilboðum vegna tímabundinnar leigu á skipum í 48 daga til bergmálmælinga á stærð hrygningarstofns loðnu í vetur. Útboðið fór fram á Evrópska efnahagssvæðinu og rann skilafrestur tilboða út 7. desember sl. Ekkert tilboð barst í útboðinu. Vegna þessa þarf stofnunin nú að leita annarra og e.t.v. kostnaðarsamari leiða en vonir voru bundnar við til við að fá skip mælinga. Til þess að framkvæmd verkefnisins verði sem best þarf því að tryggja aukið fjármagn til Hafrannsóknarstofnunar. Það viðbótarfjármagn sem þarf til að hægt verði að sinna rannsóknum með þeim hætti sem Hafrannsóknastofnun telur fullnægjandi er áætlað 120 milljónir.

Engar loðnuveiðar hafa verið stundaðar við Ísland síðustu tvær vertíðir. Það hefur nú þegar haft skaðleg áhrif á mikilvæga markaði fyrir þessar afurðir. Eftir mælingar á unglöðnu haustið 2019 ríkti jákvæðni um að loðnuveiðar yrðu stundaðar á komandi vetri. Ráðlagður upphafskvóti var 170 þúsund tonn sem gæfi um 25 milljarða í útflutningstekjur. Í kjölfar mælinga tveggja rannsóknaskipa í september 2020 var ráðgjöfin endurskoðuð en þá lagði Hafrannsóknastofnun til að engar veiðar yrðu stundaðar nema mælingar á stærð stofnsins í janúar og febrúar 2021 gæfu tilefni til. Byggði sú ráðgjöf á gildandi aflareglu Íslands, Grænlands og Noregs. Mælingar haustsins voru því vonbrigði en fyrirvarar voru á niðurstöðum Hafrannsóknastofnunar þar sem ekki var hægt að rannsaka allt það svæði sem til stóð vegna hafis við strendur A-Grænlands og því talið að magnið gæti verið meira en mælingar bentu til.

Samfara hlýnun í hafinu við Ísland á síðustu áratugum hefur útbreiðsla ýmissa fiskistofna breyst. Loðnan er ein þeirra tegunda og hafa rannsóknir sýnt að hún hefur fært sig til norðurs og vesturs. Á það bæði við um unglöðnu og fullorðna loðnu. Þegar kemur að hrygningu færir hún sig þó á Íslandsmið og hrygnir við strendur Íslands, aðallega við sunnan- og vestanvert landið en einnig í auknum mæli við landið norðanvert. Hrygningu er að stærstum hluta lokið um miðjan mars. Eftir hrygningu drepst hún og því má segja að veiðistofninn endurnýtist á hverju ári. Í aðdraganda hrygningar er loðnan veidd, að undangengnum mælingum á stofninum. Mikil óvissa er um gönguleiðir loðnu á þessum tíma sem gerir það að verkum að rannsóknasvæðið er mjög stórt.

Líffræði loðnu og það að hún drepst að lokinni hrygningu gerir það að verkum að ekki er hægt að beita hefðbundnum aðferðum við mat á stofnstærð og byggir matið því alfarið á bergmálmælingum. Slíkar mælingar eru þess eðlis að mikil óvissa ríkir um niðurstöður en til að draga úr henni er mikilvægt að mælingar nái yfir allt útbreiðslusvæðið á sem stytum tíma.

Frá því að breytingar á útbreiðslu og göngu loðnunnar breyttust um síðustu aldarmót hafa útgerðir loðnuskipa verið í umtalsverðu samstarfi við Hafrannsóknastofnun um mælingar á stofninum og lagt

til skip á sinn kostnað. Hefur úthald skipa þeirra verið á bilinu 60-120 dagar á undanförunum árum.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir er þess óskað að fjárlaganefnd taki málefni loðnuleitar, fyrir þessa vertíð, til skoðunar með það að markmiði að tryggja að rannsóknir á loðnustofninum verði fjármagnaðar með þeim hætti sem best tryggir árangur. Það er mat Hafrannsóknastofnunar að 120 milljón króna árlegt viðbótarframlag úr ríkissjóði tryggi árangur í þessum efnum til framtíðar.